

# Foreldrasamstarf

## Hvers vegna? - Hvernig?

Nanna Kristín Christiansen

22. apríl 2008

# Rannsóknir segja okkur að..

- ekkert sé börnum mikilvægara en foreldrar sem eru meðvitaðir um hlutverk sitt
- hætt sé við því að einhverjir foreldrar fari að treysta því að fagfólk sé jafnvel hæfara um að tryggja velferð barnanna en þeir sjálfir
- lítil tengsl séu milli daglegs lífs foreldra og barna.

# Nokkrar staðreyndir

- Íslenskir foreldrar með lengri vinnutíma en flestir innan OECD
- Útivinna íslenskra kvenna meiri en annarra kvenna í OECD
- Flest börn með 7 tíma vistun í leikskólum í Rvík. (yfir 90%)
- Skóladagurinn lengri en áður + gæsla.
- Stórfjölskyldan ekki jafn virkt bakland
- Íslenskir foreldrar vita almennt minna um daglegt líf barna sinna en foreldrar á hinum Norðurlöndunum.

# Nýi neytandinn

- Leggur áherslu á einstaklinginn
- Vill eiga hlutdeild í þeim málum sem hann varða
- Kýs að vera sjálfstæður
- Er vel upplýstur
- Hefur takmarkaðan tíma til að sinna persónulegum málum
- Hefur minni tengsl við stórfjölskylduna
- Sparar tíma með öllum ráðum
- Þekkir rétt sinn
- Gerir auknar kröfur um þjónustu stofnana og fyrirtækja sem áður einkenndust af sérfræðingsvaldi (Lewis og Bridger 2001).

# Foreldrar samtímans

- Rekja má aukin afskipti foreldra af skólanum til þess að þeir eru meðvitaðir um rétt sinn (Börkur Hansen, Ólafur J. og Steinunn J. 2004).
- „Varan" á að afhendast samkvæmt væntingum, annars hefur viðskiptavinurinn rétt til að kvarta (Ericsson og Larsen 2000).
- Vanheilagt bandalag foreldra og kennara (Gretar Marinósson 2002).

# Kennarar þurfa að bregðast við með því að…

- þróa fagmennsku sína til að mæta betur þörfum barna í samfélagi samtímans m.a. með því að stuðla að eflingu foreldra
- finna leiðir til að veita foreldrum aukna hlutdeild í lífi og starfi barna sinna.



# Jesper Juul

*Við getum ekki gefið börnum og foreldrum ábyrgð á sjálfu sér, hana fengu þau við fæðingu. Það er í mesta lagi hægt að skila því sem maður hefur tekið, af því við ætluðum okkur of mikið.*

# Lög

- Starfsmönnum er skylt að efla samstarf skóla og heimila (14. gr. laga um leikskóla / 15. gr. laga um grunnskóla).
- Samstarf um skólann sem heild – hópa – hvert einstakt barn.
- Markmið?
- Innihald?

# Staðan í dag

- Mikið um jákvæð samskipti við foreldra yngri barna, breytist
- Töluvert af upplýsingum frá skólanum
- Virk þátttaka og ábyrgð foreldra í félagsstarfi
- “Gestaboð” til foreldra
- En lítið um samstarf sem byggir á samráði foreldra og kennara

(Nordahl 2007, Aanderaa 1996 o.fl.).

# Samstarf

- Samstarf ≠ samskipti
- Tveir eða fleiri aðilar eiga sameiginlegt markmið sem báðir/allir stefna að og taka ábyrgð á.
- Megin einkenni: upplýsingar, samræða og hlutdeild.
- Forsenda: gagnkvæm virðing, traust og sameiginlegur skilningur á aðstæðum.
- *Ómögulegt að byggja upp samstarf foreldra og kennara. Þeir sjá barnið aldrei í sömu aðstæðum* (Denzin 1984).





# Nýi kennarinn..

- lítur heildrænt á þarfir nemenda sinna
- vinnur sem leiðtogi á jafnréttisgrundvelli í samstarfi við foreldra
- notar *samræðu* (dialog) til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig þörfum barnsins verði best mætt
- lítur á það sem eitt mikilvægasta verkefni sitt að finna leiðir sem veita foreldrum aukna hlutdeild í velferð barna sinna.

# Ný fagmennska lækna

- Læknar geta ekki lengur vænst þess að sjúklingar fylgi fyrirmælum þeirra í blindni. Sjúklingar vilja upplýsingar, valmöguleika og sitja sjálfir við stjórnvölinn.
- Læknar þurfa að tileinka sér hlutverk leiðbeinenda sem hjálpa fólki til að taka ákvarðanir um eigið heilsufar.
- Læknar þurfa að stuðla að eflingu almennings með upplýsingum í þeim tilgangi að gera honum mögulegt að taka aukna ábyrgð á eigin heilsufari (Nauberger 2000).

# Kennarinn

- Hlutverk kennara er að aðstoða foreldra við menntun, uppeldi og umönnun barnanna.
- Kennarinn gegnir afar mikilvægu hlutverki í velferð barna m.a. félagsmótun og sjálfsmynd.
- Kennarinn getur aldrei komið í stað góðra foreldra.




Nemandinn
Kennarinn
Foreldrar

# Mergurinn málsins

- Ekkert er börnum mikilvægara en áhugi og stuðningur foreldra.
- Foreldrar ættu að leggja sig fram um að eiga hlutdeild í lífi barna sinna.
- Kennarar ættu að tileinka sér hlutverk nýja kennarans, ekki síst með því að að finna leiðir til að gefa foreldrum aukna hlutdeild í lífi barna sinna.



# Samstarfið á að snúast um..

1. Hagsmuni barnsins
2. Hagsmuni barnsins
3. Hagsmuni barnsins


Takk fyrir